



STARFSÁRIÐ 2011 - 2012
SKÝRSLA STJÓRNAR
Lögð fram á aðalfundi 15. mars 2012

STARFSÁRIÐ 2011 - 2012

SKÝRSLA STJÓRNAR

Nýir félagsmenn

Á starfsárinu hafa eftirtalin fyrirtæki gerst aðilar að SVP:

A4 Skrifstofa og skóli	Kennslumiðstöð Ökukennarafélags Íslands
Aðalskoðun hf.	KPMG ehf.
Allt fyrir augað ehf.	Kristý sf.
Auðbert og Vígfús Páll ehf.	Læknasetrið ehf.
Bauhaus slhf.	Nettengsl ehf. – Job. is
BSI á Íslandi ehf.	North Cube Security
Byggt og búið ehf.	Nýi ökuskólinn ehf.
DHL Express á Íslandi	Rekstrarvörur ehf.
Efnalaug og fataleiga Garðabæjar	Roga ehf.
Eignarhaldsfélagið Fjarskipti hf.	Sjóklæðagerðin hf. – 66° norður
Fjörður ehf.	Snæfari ehf.
Frumherji hf.	Tékkland bifreiðaskoðun ehf.
Hvitlist hf.	Ullarkistan ehf. - Janusbúðin
Inter Medica ehf.	Ökuskólinn í Mjódd
Íslensk – Ameríska verslunarfélagið ehf.	
Jón M. Pálsson	

Stjórn SVP

Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Pfaff hf.
Finnur Árnason, varaformaður, Hagar hf.
Guðmundur Halldór Jónsson, Norvik hf.
Guðrún Jóhannesdóttir, Kokka ehf.
Heiðrún Jónsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.
Hermann Guðmundsson, N1 hf.
Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já Upplýsingaveitur ehf.

Starfsmenn

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri
Guðbjörg S. Jónsdóttir, skrifstofustjóri
Lárus M.K. Ólafsson, lögfræðingur
Lísbet Einarsdóttir, forstöðumaður flutninga- og fræðslumála

Fagráð um fræðslu verslunar- og þjónustugreina

Lísbet Einarsdóttir, SVP

Lyfjagreiðslunefnd

Þorvaldur Árnason, Lyfjaval ehf.

Menntanefnd SA

Lísbet Einarsdóttir, SVP

Nefnd um heildarendurskoðun siglingalaga

Lilja Jónasdóttir, LEX lögmannsstofu ehf.

Siglingaráð

Aðalfulltrúi:
Eyþór H. Ólafsson, Eimskipafélag Íslands hf.
Varafulltrúi:
Garðar Jóhannsson, Nesskip hf.

Siglingaverndarráð

Aðalfulltrúi:
Einar I. Einarsson, Samskip hf.
Varafulltrúi:
Agnar Þ. Agnarsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Aðalfulltrúi:
Auður Þórhallsdóttir, Samskip hf.
Ólafur Finnbogason, Íslandspóstur hf.
Varafulltrúi:
Lísbet Einarsdóttir, SVP
Sif Svavarsdóttir, Eimskipafélag Íslands hf.

Verkefnisstjórn um langtímaáætlun í öryggismálum sjófarenda

Aðalfulltrúi:
Lísbet Einarsdóttir, SVP
Varafulltrúi:
Eyþór H. Ólafsson, Eimskipafélag Íslands hf.

Starfsgreinaráð skrifstofu- og verslunargreina

Aðalfulltrúar:
Guðríður Hjördís Baldursdóttir, Norvik hf.
Hallur Guðjónsson, Lyfja ehf.
Sigríður Harðardóttir, N1 hf.

Varafulltrúar:

Falur Jóhann Harðarson, Samkaup ehf.

Inga Guðrún Birgisdóttir, 1912 ehf.

Vílmur Pétursson, Capacent ehf.

Vinnuhópur um lyfjastefnu

Pórbergur Egilsson, Lyfja ehf.

Þorvaldur Árnason, Lyfjaval ehf.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Aðalfulltrúar:

Lísbet Einarsdóttir, SVP

Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir, Ólíuverzlun Íslands hf.

Júlíus Steinn Kristjánsson, Hýsing Vöruhótel

Varafulltrúi:

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Stjórn EuroCommerce

Andrés Magnússon, SVP

Stjórn GS1

Bergur Bergsson, Aðföng

Stjórn Rannsóknarseturs verslunarinnar

Hermann Guðmundsson, N1 hf.

Stjórn SA

Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.

Finnur Árnason, Hagar hf.

Guðmundur Halldór Jónsson, Norvik hf.

Hermann Guðmundsson, N1 hf.

Sigríður Margrét Oddsdóttir, Já Upplýsingaveitur ehf.

Framkvæmdastjórn SA

Finnur Árnason, Hagar hf.

Margrét Kristmannsdóttir, Pfaff hf.

Stjórn Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands

Bogi Örn Emilsson, Skjal ehf.

Stýrinefnd raf- og raftækjaúrgangs

Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Úrvinnslusjóður

Lárus M.K. Ólafsson, SVP

Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

Ólafur Jónsson, Skeljungu hf.

Umhverfismerkisráð Íslands

Guðbjörg S. Jónsdóttir, SVP

Ísland – Allt árið – Framkvæmdastjórn

Aðalfulltrúi:

Lísbet Einarsdóttir, SVP

Varafulltrúi:

Guðrún Jóhannesdóttir, Kokku ehf.

Stjórn samtakanna var þannig skipuð á starfsárinu: Margrét Kristmannsdóttir, formaður, Finnur Árnason, varaformaður, Guðmundur Halldór Jónsson, Guðrún Jóhannesdóttir, Heiðrún Jónsdóttir, Hermann Guðmundsson og Sigríður Margrét Oddsdóttir.

Stjórn SVP hélt alls 13 fundi á starfsárinu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim fjölmörgu hagsmunamálum sem fjallað var um á vettvangi stjórnar og í félagsstarfinu almennt.

Almenn hagsmunagæsla

Stór hluti af starfsemi SVP snýst um almenna hagsmunagæslu fyrir félagsmenn. Þau verkefni sem hér um ræðir geta bæði haft almenna skírskotun, þ.e. varðað hagsmuni hóps eða hópa innan samtakanna, eða hagsmuni einstakra aðildarfyrirtækja.

Samskipti við opinberar stofnanir, ríki og sveitarfélög

Stór þáttur í starfsemi samtakanna felst í því að hafa samskipti við opinbera aðila. Hér er um að ræða öll verkefni sem með einum eða öðrum hætti heyra undir opinber stjórnvöld og snúa að hagsmunum félagsmanna.

Tollkvótar

Árið 2010 sendi SVP kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna þeirrar ákvörðunar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að nota sk.verðtolla við úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á landbúnaðarafurðum. SVP lýsti því sjónarmiði í kvörtun sinni að framgangi ráðuneytisins í málinu væri í ósamræmi við skuldbindingar Íslands gagnvart Alþjóða viðskiptastofnuninni (WTO) og þar með í andstöðu við lög. Áður höfðu samtökin reynt að fá ráðuneytið til að hverfa til fyrri framkvæmdar við úthlutun á tollkvótum, en án árangurs.

Umboðsmaður birti álit sitt í júlí 2011. Kjarni niðurstöðu umboðsmanns er að núgildandi heimildir ráðherra til ákvörðunar um álagningu tolla séu of víðtækar. Af þeim sökum sé gengið lengra við framsal valds til ráðherra en stjórnarskrá heimilar. Niðurstaða umboðsmanns er alvarleg áminning um að víða eru brestir í lagaumgjörð Íslenskrar stjórnsýslu. Var skorað á ráðuneytið að virða þau sjónarmið sem þar koma fram. Hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra nú lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á tolla- og búvörulögum til að bregðast við þessu álitum umboðsmanns.

Kjötskortur

Um mitt ár tóku að berast til skrifstofu SVP ábendingar frá einstökum verslunum þess efnis að skortur væri á kjöti, einkum lambakjöti og voru dæmi um að afurðastöðvar gætu ekki afgreitt það kjöt til verslana. Um sama leyti komu fram samskonar kvartanir frá stórum veitingahúsum. Könnun leiddi í ljós að útflutningur á lambakjöti hafði stórauðist á milli ára, þannig að erfitt virtist fyrir afurðastöðvar að tryggja nægjanlegt framboð á lambakjöti. Þessi staða virtist koma öllum í opna skjöldu og höfðu hvorki sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, né Bændasamtök Íslands á takteinum skýringar.

Viðbrögð SVP voru þau að krefjast þess að stjórnvöld heimiluðu aukinn innflutning á lambakjöti til þess að unnt væri að anna innanlandspörf. Við þeirri kröfu var ekki orðið.

Kvótar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum – kvörtun til umboðsmanns Alþingis

SVP beindu kvörtun til umboðsmanns Alþingis þar sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti virti ekki skyldu sína til að auglýsa tollkvóta vegna lambakjöts og matareggja. Um er að ræða skuldbindingar samkvæmt samningi um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Í kvörtun sinni bentu samtökin á að lögum samkvæmt er íslenska ríkinu skylt að leyfa innflutning á alls 354 tonnum af lambakjöti. Samtökin töldu rökstuðning sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis fyrir synjun að bjóða út framan-greinda kvóta vera verulega ábótavant og engar haldbærar skýringar gefnar fyrir þeirri ákvörðun.

Umboðsmaður hefur ákveðið að taka málið til skoðunar og hefur leitað skýringa hjá ráðuneytinu. Niðurstöðu er vonandi að vænta nú í vor.

Innflutningsbann á fersku kjöti – kvörtun til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA)

SVP sendu í desember 2011 kvörtun til ESA vegna innleiðingar íslenskra stjórnvalda á reglugerð ESB um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla. Telja samtökin að íslensk stjórnvöld hafi ekki innleitt matvælaöryggis EES-samningsins með fullnægjandi hætti enda er enn viðhaldið innflutningsbanni á fersku kjöti. Er slíkt innflutningsbann, og rökin fyrir því banni, að mati samtakanna skýrt brot gegn ákvæðum EES-samningsins. Mál þetta er enn til skoðunar hjá ESA.

Tollar og vörugjöld – greining á vörugjaldskerfinu

Á starfsárinu var mikil áhersla lögð á vörugjalds- og tollamál. Samtökin unnu ítarlega skýrslu um kosti og galla vörugjaldskerfisins hér á landi. Skýrslan var unnin í nánu samstarfi við fjármálaráðuneytið sem veitti mikla aðstoð við gagnaöflun í tengslum við gerð skýrslunnar. Skýrslan hefur að geyma heildstætt yfirlit yfir þetta kerfi skattheimtu sem hefur verið við lýði hér á landi síðan 1970 og hefur alla tíð verið þyrnir í augum bæði verslunarinnar og neytenda. Vörugjöld í þeirri mynd sem þau eru hér á landi hafa til að bera flest það sem einkennir vonda skattheimtu, það er ógagnsæi, ósannngirni og innheimta þeirra er flókin og kostnaðarsöm í framkvæmd.

Stjórn SVP samþykkti að leggja til við stjórnvöld að stíga fyrstu skrefin í afnámi vörugjalda með því að fella niður vörugjöld af algengum byggingavörum í því skyni að örva byggingariðnaðinn. Að mati Rannsóknarseturs verslunarinnar þarf velja á byggingamarkaði að aukast um 1,1% til að veita upp það tekjutap sem ríkið yrði fyrir með afnámi vörugjalda af þessum vörum. Tillaga samtakanna var afhent fjármálaráðherra í febrúar s.l. Samtökin eru eindregið þeirrar skoðunar að aðgerð sem þessi sé til þess fallin að efla atvinnulífið og styrkja átakið „Allir vinna“ sem hefur verið framlengt út árið 2012.

Á sama fundi lögðu samtökin til að settar yrðu á laggirnar tvær nefndir sem hefðu það hlutverk að endurskoða vörugjaldsmálin heildstætt fyrir matvöru og sérvöru og leggja fyrir fjármálaráðherra niðurstöðu þeirra vinnu fyrir 1. september 2012. Skal markmið nefndanna vera að einfalda íslensku löggjöfina og færa hana til samræmis við það sem tíðkast í helstu nágrannalöndum okkar. Heildarmarkmiðið er þó að afnema vörugjöldin með öllu þar sem fullyrða má að þessi skattheimta skerðir mjög samkeppnisstöðu íslenskrar verslunar.

Greining lyfjaumhverfis – skýrsla

SVP í samstarfi við FA og Frumtök stóðu að greiningu á lyfjaumhverfinu hér á landi. Skýrslan er nokkurs konar hugmyndabanki allra þeirra sem starfa á lyfjamarkaði og hafa hagsmuni af því hvernig lyfjamarkaðurinn þróast. Skýrslan hefur að geyma tillögur allra hagsmunaaðila um breytingar á núverandi kerfi. Tillögur þær sem settar eru fram í skýrslunni geta auðveldlega farið hver gegn annarri, en það var einmitt tilgangur skýrslunnar að draga fram sem flest sjónarmið þeirra sem starfa á íslenskum lyfjamarkaði.

Velferðarráðherra var afhent skýrslan sem lýsti við það tækifæri sérstakri ánægju með framtakið og taldi að þarna væri um að ræða mikilvægar upplýsingar sem nýtast myndu bæði við mótun nýrrar lyfjastefnu og við endurskoðun lyfjalaga sem nú stendur fyrir dyrum.

Leiðbeinandi tilmæli FME – kvörtun til umboðsmanns Alþingis

SVP sendi kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins (FME) um hæfi lykilstarfsmanna sem send höfðu verið til váttryggingafélaga og váttryggingarmiðlara. Samtökin töldu að víða væri pottur brotinn í umræddum tilmælum og óskuðu því eftir að umboðsmaður tæki þau til skoðunar og jafnframt grundvöll tilmæla FME, bæði hvað varðar efni þeirra sem og form. Enn er beðið niðurstöðu umboðsmanns í þessu máli.

Lokun Laugavegarins

Mótmælum var komið á framfæri við umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur vegna lokunar Laugavegar síðastliðið sumar. Ítrekuðu samtökin að gott aðgengi viðskiptavina að verslunarhverfum borgarinnar skiptu meginmáli fyrir þá sem stunda viðskipti sín þar. Er þetta sérstaklega mikilvægt fyrir þá sem stunda viðskipti sín í miðborginni, ekki síst við Laugaveg. Þá var við sama tækifæri kvartað undan skorti á samráði vegna þessarar ákvörðunar.

Bótakröfur í sakamálum

Samtökin hafa um nokkurt skeið unnið að greiningu á því hvernig rétt sé að bregðast við auknum fjölda þjófnaða í verslunum. Umfang þjófnaða er orðið verulega íþyngjandi og telja samtökin að finna megi leiðir til þess að gera kerfið í heild sinni skilvirkara, bæði varðandi ákærufæri og hlutverk dómstóla sem og ákvarðanir dómstóla í tengslum við form og efni bótakrafna í sakamálum. Samtökin hafa fundað með fulltrúum frá ákærvaldinu og dómstólum og farið yfir stöðu mála og komið á framfæri ábendingum við þessa aðila um hvar brotalamir eru í kerfinu.

Skólabókamarkaður – kvörtun til Samkeppniseftirlitsins

Í ágúst 2011 beindu SVP því til Samkeppniseftirlitsins að það tæki til skoðunar viðskiptahætti tveggja bókaútgáfa með tilliti til áhrifa þessara fyrirtækja á skólabókamarkaði. Kvörtun samtakanna varðaði meint brot gegn 11. gr. samkeppnislaga sem bannar misnotkun á markaðsráðandi stöðu en samtökin telja líkur á því að umrædd félög geti í krafti stöðu sinnar á markaði stýrt verðmyndum í smásölu með ólögmetum hætti. Málið er enn til skoðunar hjá eftirlitinu og ekki er ljóst að svo stöddu hvenær niðurstaða mun liggja fyrir

Gjaldtaka Þjóðskrár Íslands – kvörtun til umboðsmanns Alþingis

SVP sendu kvörtun til umboðsmanns Alþingis vegna fyrirkomulags gjaldtöku Þjóðskrár Íslands vegna aðgangs að upplýsingum úr þjóðskrá. Töldu samtökin verulegan vafa leika á að umrædd gjaldtaka væri í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til töku þjónustugjalda. Auk þess að með gjaldtökunni sé fyrirtækjum mismunað bæði innbyrðis sem og gagnvart opinberum aðilum. Varð kvörtunin umboðsmanni tilefni til að taka til athugunar að eigin frumkvæði hvernig gjaldtöku Þjóðskrár Íslands er almennt háttað og er málið enn til skoðunar hjá embættinu.

Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs

Samtökin eiga fulltrúa í stjórn Úrvinnslusjóðs en starfsemi sjóðsins er mikilvæg fyrir bæði atvinnulífið en ekki síður fyrir umhverfisvernd á Íslandi. Með lagabreytingum árið 2011 var sú breyting gerð á starfsemi Úrvinnslusjóðs að stjórn sjóðsins gegnir nú einnig hlutverki stýrinefndar um raf- og rafeindatækjaúrgang. Stýrinefndin starfar sjálfstætt og hefur umsjón með starfsemi skilakerfa sem meðal annars annast söfnun og móttöku raf- og rafeindatækjaúrgangs.

Innri málefni

Innri málefni samtakanna eru sifellt til umræðu og skoðunar, en þau hafa verið venju fremur áberandi í umræðunni á liðnum mánuðum, einkum í kjölfarið á gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði s.l. vor og aðdraganda þeirra samninga.

Hagsmunagæsla atvinnulífsins til frambúðar

Nú standa yfir viðræður milli Samtaka atvinnulífsins og Viðskiptaráðs um nánara samstarf þessara samtaka. Það mun fljótlega koma í ljós hvort þær viðræður skili þeim árangri sem að er stefnt. Stjórn SVP lýsti sig fylgjandi viðræðunum og lítur á þær sem einn lið í endurskoðun á því fyrirkomulagi sem nú er á hagsmunagæslu fyrir atvinnurekendur hér á landi, sem margir telja að sé hægt að einfalda og gera skilvirkara og ódýrara fyrir atvinnulífið.

Útgreiðsla úr Vinnudeilusjóði

Lögð verður fram tillaga um útgreiðslu til aðildarfélaga úr vinnudeilusjóði Samtaka atvinnulífsins á aðalfundi samtakanna í apríl. Ef af verður mun þessi útgreiðsla leiða til þess að fjárhagsstaða SVP svo og annarra aðildarfélaga SA styrkist til muna og verða samtökin þá í aðstöðu til að veita öflugri hagsmunagæslu fyrir aðildarfyrirtæki sín – en aðildarfélög SA eru sammála um að félagsmenn kalla eftir aukinni þjónustu og úrlausnum ýmissa hagsmunamála.

Kjaramál

Kjaraviðræður 2011

Við upphaf viðræðna um gerð nýs kjarasamnings á almennum vinnumarkaði markaði stjórn SVP þá stefnu að miða bæri við sömu hlutfallslegu hækkun launa og því yrði ekki um neinar sérstakar taxtahækkanir að ræða. Var á það minnt í þessu sambandi að fyrri tveir kjarasamningar hefðu reynt fjölmörgum fyrirtækjum innan SVP mjög dýrir, þar sem þeir fólu í sér taxtahækkanir fyrir ákveðinn hóp launamanna. Var lögð áhersla á að slíkt mætti ekki endurtaka sig.

Almennir kjarasamningar milli SA og ASÍ voru undirritaðir í byrjun maí og hljóðuðu þeir að meðaltali upp á 12,95% hækkun launa á samningstímanum sem er þrjú ár. Vegna ákvæða samninganna um taxtahækkanir, sem SVP lagðist eindregið gegn, þýddu þessir samningar aftur á móti allt að 22% hækkun lægstu launa, sem kom sér afar illa fyrir mörg aðildarfyrirtæki SVP.

Kjarasamningarnir reyndust því mörgum félagsmanna SVP mjög dýrir, jafnframt því sem bent var á að óhjákvæmilegt væri að þeir hefðu áhrif til aukinnar verðbólgu og einnig mætti búast við því að fyrirtæki sæju sig knúin til að segja upp starfsfólki í kjölfar þessara kjarasamninga. Fór enda svo að kjarasamningarnar voru felldir af félagsmönnum SVP – en samþykktir af meirihluta SA. Stjórn SVP var á einu máli um að nauðsynlegt væri fyrir SA að horfa á það með gagnrýnum augum hvað hefði mátt betur fara í samningaferlinu öllu.

Forsendur kjarasamninga

Ákvörðun um hvort forsendur kjarasamninga hefðu staðist var tekin áður en kjarasamningsbundnar hækkunir tóku gildi þann 1. febrúar 2012. Megin álitamálið við þá ákvörðun var hvort ríkisstjórnin hefði staðið við þau loforð sem gefin voru í tengslum við gerð kjarasamninganna. Þrátt fyrir að flest fyrirheit ríkisstjórnarinnar væru að mati atvinnulífsins ekki efnd, var ekki talið verjandi að segja kjarasamningum upp, enda væri mat á því hvort forsendur samninganna hefðu staðist oft mjög huglægt. En ekki síður mikilvægt var að kjarasamningarnar voru mjög framhlaðnar og því stór hluti umsaminna launabreytinga þegar kominn til framkvæmda. Af þeirri ástæðu meðal annars hefði verið óskynsamlegt að segja kjarasamningunum upp.

Umsagnir um lagafrumvörp/þingsályktunartillögur/reglugerðir

Frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum

SVP gerði verulegar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á áfengislögum. Í frumvarpinu er meðal annars lagt til að hvers konar auglýsingar og önnur viðskiptaboð til markaðssetningar á áfengi og einstökum áfengistegundum verði bönnuð. Telja samtökin að frumvarpið feli í sér mismunun og brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins. SVP leggjast því alfarið gegn lögfestingu frumvarpsins.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu

SVP hafa sent allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðskrá og almannaskráningu. Með frumvarpinu eru lagðar til miklar hækkningar á gjaldskrá þjóðskrá Íslands vegna aðgangs að upplýsingum úr þjóðskrá. Að mati SVP er umrætt frumvarp verulega ámælisvert á marga vegu og hefur skort á allt samráð við hagsmunaaðila við gerð þess og leggjast samtökin alfarið gegn lögfestingu frumvarpsins.

Frumvarp til breytinga á tollalögum

Í umsögn sinni um frumvarp til breytinga á tollalögum gagnrýna SVP skort á samráði við hagsmunaaðila við undirbúning frumvarpsins enda ljóst að allar breytingar á lögum munu hafa veruleg áhrif á aðildarfélög samtakanna og því ríkir hagsmunir þar í húfi. Þá er harðlega gagnrýnd sú tillaga að fella úr gildi heimildir til afhendingar á hraðsendingum áður en tollskjöl eru látin tollstjóra í té.

Tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita

SVP barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita en í tillögunni var skorað á velferðarráðherra að beita sér fyrir því að sölustaðir sem selja skyndibita upplýsi á áberandi stað um magn hitaeininga í skyndibitaréttum sem þar eru seldir. Í umsögn sinni bentu SVP á ýmsa vankanta á tillögunni og óskýrleika varðandi efni hennar. Þá lögðu samtökin áherslu á að verði tillagan samþykkt þá verði tryggt að framkvæmd hennar verði með eins einföldum hætti og hægt er og að kostnaði fyrir fyrirtækin verði haldið í lágmarki.

Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum

SVP barst til umsagnar tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum þar sem lagt var til að fela efnahags- og viðskiptaráðherra að móta reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum í verslunum til þess að tryggja eðlilegt og sanngjarnt samkeppnisumhverfi innlendrar matvælaframleiðslu. SVP gerðu einstaka athugasemdir varðandi tillöguna meðal annars með hliðsjón af samkeppnislegum sjónarmiðum. Töldu samtökin ekki ástæðu til þess að samþykka tillöguna.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir

SVP ásamt SA sendu frá sér harðorða umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir. Meginefni tillögunnar er að fela velferðarráðherra að vinna 10 ára aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir þar sem einn liðurinn verði að sala á tóbaki verði takmörkuð við apótek. Telja samtökin að með tillögunni sé verið að leggja drög að því að takmarka mjög mikið aðgengi notenda tóbaks að vörunni sem er neysluvara á markaði. Þá telja samtökin vandséð hvernig hægt er að stíga þetta skref án þess að verulegt tjón hlytist af fyrir bæði notendur og seljendur. Lögðust samtökin alfarið gegn samþykkt hennar.

Reglugerð fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar

Á vegum efnahags- og viðskiptaráðuneytis er unnið að því að setja reglugerð fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar þar sem kveðið er á um gjaldstöku sviðsins. SVP skilaði umsögn um

reglugerðardrögin. Telja samtökin mikilvægt að gjaldtaka faggildingarsviðsins sé bæði gagnsæ og í samræmi við almennar kröfur varðandi töku þjónustugjalda. Þá telja samtökin mikilvægt að allri gjaldtöku sé stillt í hóf. Umrædd reglugerð er enn í vinnslu hjá ráðuneytinu.

Á bls. 19 er að finna heildaryfirlit yfir frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir sem bárust samtökunum til umsagnar á árinu.

2

Sértæk hagsmunagæsla

Fjölmarginir faghópar starfa innan SVP. Starfsemi flestra þessara hópa er öflug og stöðug enda eiga þeir það sameiginlegt að hagsmunagæsla fyrir þá kallar á stöðuga vinnu. Stór hluti af starfsemi hópanna lýtur að samskiptum við opinbera aðila enda eiga hóparnir það sameiginlegt að eiga mikið undir ákvörðunum opinberra aðila.

Faghópar

Lyfsalahópur

Starfsumhverfi lyfsölu á Íslandi er mjög háð opinberum afskiptum en Lyfjagreiðslunefnd ákveður hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum bæði í smásölu og heildsölu. Fáar atvinnugreinar eiga því jafn mikið undir opinberum ákvörðunum og lyfjageirinn. Hér á eftir verður getið helstu mála sem lyfsalahópurinn fjallaði um á starfsárinu:

Smásölumál. All nokkrir fundir hafa verið haldnir með Lyfjagreiðslunefnd til að fjalla um smásöluálagningu á lyf fyrir yfirstandandi ár. Mjög hefur verið á brattann að sækja í viðræðum við nefndina við að ná fram þeim hækkunum sem greinin á inni þegar tekið er tillit til þeirra viðmiða sem gengið er útfrá við breytingar á smásöluálagningunni. Lyfsalar hafa sýnt fullan skilning á þeirri efnahagslegu stöðu sem uppi hefur verið á undanförunum árum og með því tekið á sig verulegar skerðingar. Sá mikli kostnaðarauki sem komið hefur til að undanförunu í formi aukins launakostnaðar og annarra liða hefur leitt til þess að mjög hefur þrengt að rekstri apóteka. Óhjákvæmilegt er því fyrir Lyfjagreiðslunefnd að sýna skilning á þessari stöðu og koma til móts við hana við næstu ákvörðun sína. Lyfsalahópurinn hefur þegar sent nefndinni ítarleg gögn til að sýna fram á hver hækkunarþörfin er á smásöluálagningunni.

Lyfjastofnun. Ómaklegar ásakanir komu fram af hálfu forsvarsmanna Lyfjastofnunar um ófagleg vinnubrögð í apótekum. Því var haldið fram af hálfu stofnunarinnar að mistök við afgreiðslu lyfja hefðu stóráukist á undanförunum árum. Farið var fram með þessar fullyrðingar í fjölmiðlum og án þess að haft væri samband við forsvarsmenn í apótekum. Á fundi með forsvarsmönnum Lyfjastofnunar í kjölfarið á þessari umræðu var á það bent af hálfu samtakanna að leita hefði átt viðbragða samtakanna áður en farið var fram með fullyrðingar af þessum toga. Einnig var forsvarsmönnum Lyfjastofnunar bent á að mjög hefði verið þrengt að starfsemi apóteka vegna opinberra ákvarðana og sífellt aukinnar kröfu um hagræðingu sem leitt hefði til fækkunar starfsfólks.

Norrænn samanburður. Lyfsalahópurinn stóð að samantekt um fyrirkomulag smásöluálagningar á Norðurlöndum. Ástæður þess að ráðist var í þetta verkefni eru þær að sífellt meir verður stuðst við meðalverð á Norðurlöndum þegar ákvörðun er tekin um verðlagningu lyfja hér á landi. Hér er um afar vandasaman samanburð að ræða þar sem fyrirkomulag þessara mála er með mjög misjöfnu móti á Norðurlöndunum. Samantektin gefur ágæta lýsingu á skipulagi smásöluálagningar í samanburðar-

löndunum og mun verða mikilvægt innlegg í umræðu um smásöluverð lyfja hér á landi á næstunni. Höfundur samantektarinnar er Aðalheiður Pálmadóttir, lyfjafræðingur.

Lyfjastefna 2020. Vinna við mótun lyfjastefnu til 2020 stendur nú yfir en slík stefna varðar fyrirtæki á lyfjamarkaði augljóslega miklu. „Greining lyfjaumhverfis“ skýrslan sem SVP stóð meðal annarra að útgáfu að er mikilvægt innlegg í þá umræðu og gerði lyfsalahópur SVP grein fyrir áherslum sínum í þessu sambandi á fundi með fulltrúum velferðarráðuneytisins.

Ósk um breytingar á reglugerðum lyfjalaga. SVP hafa farið þess á leit við velferðarráðuneyti að ráðuneytið taki tiltekin ákvæði reglugerða lyfjalaga til endurskoðunar með það að markmiði að fella þau brott. Um er að ræða kröfur til lyfsala um heilbrigðisskoðanir og merkingu umbúða lausasölu lyfja. Telja samtökin að ákvæði þessi feli í sér óásættanlega mismunun innan heilbrigðisgeirans ásamt því að vera bæði úrelt og verulega íþyngjandi í garð lyfsala.

Samtök heilbrigðisfyrirtækja

Sjálfstætt starfandi heilbrigðisfyrirtæki innan SVP hafa með sér sérstök samtök sem bera heitið Samtök heilbrigðisfyrirtækja. Helstu verkefni þessa hóps á starfsárinu voru:

Staða sérfræðilækna. Sem fyrr var á þessum vettvangi unnið að því að tryggja stöðu sjálfstætt starfandi sérfræðilækna innan heilbrigðiskerfisins, en samningar hins opinbera við sérfræðilækna hafa verið lausir frá því í apríl 2011. Mikið hefur skort á vilja af hálfu stjórnvalda til að ganga frá samningum við lækna og er vandséð hvaða stefnu stjórnvöld hyggjast taka í þessum málum. Hvernig sem allt veltur er ljóst að sérfræðilæknar gegna mjög mikilvægu hlutverki innan heilbrigðisþjónustunnar og er ljóst að hvorki heilsugæslan né sjúkrahúsin geta leyst af hólmi þá þjónustu sem sérfræðilæknar veita.

Bygging nýs spítala. Fyrirhuguð bygging nýs spítala hefur verið mjög til umræðu á vettvangi samtakanna, en innan þeirra hafa verið uppi miklar efasemdir um fýsileika þeirrar framkvæmdar. Samtökin stóðu fyrir ráðstefnu um hina fyrirhuguðu framkvæmd þar sem sýnt var fram á með hagfræðilegum rökum að þær fjárhagslegu forsendur sem lagt var upp með væru í meira lagi hæpnar. Engu að síður hefur undirbúningur þessarar framkvæmdar haldið áfram þó að hver sérfræðingurinn á fætur öðrum hafi komið og lýst efasemdum sínum. Samtökin hafa átt fundi með skipulagsyfirlöndum í Reykjavík til þess að gera þeim grein fyrir efasemdum sínum í málinu. Landssamtökum líffeyrissjóða hafa einnig verið kynnt viðhorf samtakanna til verkefnisins, en gengið er út frá því að líffeyrissjóðirnir komi að fjármögnun nýs spítala.

Gjaldtaka Þjóðskrár Íslands – kvörtun til umboðsmanns Alþingis. SVP gagnrýndu harðlega framkomið frumvarp um breytta gjaldtöku Þjóðskrár Íslands ásamt því að senda kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Kvörtunin varð umboðsmanni tilefni til að taka til athugunar að eigin frumkvæði hvernig gjaldtöku Þjóðskrár Íslands er almennt háttáð og er málið enn til skoðunar. En lögfesting þessa frumvarps hefði meðal annars mikil áhrif á starfsemi fyrirtækja innan SH

Vátryggingamiðlarar

SVP gætir hagsmuna fyrir þau fyrirtæki sem stunda vátryggingamiðlun hér á landi en nær öll fyrirtæki í þeirri grein eru starfandi innan samtakanna:

Staða vátryggingamiðlunar. Mikið hagsmunamál vátryggingamiðlara er að auka samkeppni á innlendum vátryggingamarkaði. Mikilvægur liður í því sambandi er að fá erlend vátryggingafélög til að hasla sér völl á íslenskum markaði. Kannaðir hafa verið möguleikar á að kanadísk félög komi inn

á markaðinn hér á landi, en af því hefur ekki orðið enn. Danska tryggingafélagið Alpha hóf að bjóða váttryggingar hér á landi fyrir milligöngu váttryggingamiðlara en því miður tókst sú tilraun ekki sem skyldi og hefur það félag nú dregið sig út af markaðnum.

Leiðbeinandi tilmæli FME – kvörtun til umboðsmanns Alþingis. Beðið er eftir niðurstöðu umboðsmanns í þessu máli en samtökin töldu að víða væri pottur brotinn í umræddum tilmælum og óskuðu eftir því að embættið tæki þau til skoðunar.

Faggildingarhópur SVP

Stærstur hluti þeirra fyrirtækja sem starfa á sviði faggildingar hér á landi hafa gengið til liðs við SVP og var á árinu stofnaður sérstakur hagsmunahópur þeirra innan samtakanna. Hagsmunahópurinn mun framvegis gæta sameiginlegra hagsmuna þessara fyrirtækja, bæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum. Markmið hópsins er að vekja athygli á mikilvægi faggildingar í samfélaginu og efla vitund almennings gagnvart þessari starfsemi.

Kynningarfundir. Á árinu var lögð áhersla á að kynna starfsemi hagsmunahópsins og mikilvægi faggildingar almennt fyrir þeim opinberu aðilum sem málið kann að varða. Sérstakir kynningarfundir voru haldnir með efnahags- og viðskiptaráðuneyti, Einkaleyfastofunni og faggildingarsviði hennar (ISAC), Umferðarstofu og Mannvirkjastofnun.

Gjaldtaka. Hagsmunahópurinn lýsti áhyggjum yfir því að ekki er gert ráð fyrir neinu fjármagni til að standa straum af rekstri og þróun faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar á árinu 2012, hvorki í fjárlögum né fjárukalögum. Á fundum með efnahags- og viðskiptaráðuneyti og Einkaleyfastofunni var áhyggjum þessum komið á framfæri. Að beiðni efnahags- og viðskiptaráðuneytis var sent minnisblað um þetta atriði á ráðuneytið. Þá var boðað að sett yrði af efnahags- og viðskiptaráðuneyti sérstök gjaldskrá fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar en sú gjaldskrá hefur enn ekki verið sett.

Umsagnir. Hagsmunahópurinn veitti tvær umsagnir á liðnu ári. Annars vegar umsögn að beiðni efnahags- og viðskiptaráðuneytis um drög að reglugerð fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar. Hins vegar umsögn að beiðni forsætisráðuneytis um drög að skýrslu forsætisráðherra um bætt reglusetningu og afnám laga um opinberar eftirlitsreglur.

Samtök sjálfstæðra skóla

Innan SVP eru um 50 sjálfstætt starfandi skólar á leik- og grunnskólastigi og hafa þeir með sér samtök sem bera heitið Samtök sjálfstæðra skóla. Að mörgu var að hyggja innan Samtaka sjálfstæðra skóla á starfsárinu og er stiklað á stóru í starfsemi samtakanna hér á eftir.

Samráðsnefnd leik- og grunnskóla. Samtök sjálfstæðra skóla eiga einn fulltrúa í samráðsnefnd leik- og grunnskóla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem tryggir að sjónarmið skólanna komi fram í ráðinu. Meðal mála sem voru til umfjöllunar í samráðsnefndinni var innleiðing og eftirfylgni nýrra aðalnámskráa leik- og grunnskóla, skýrsla um eflingu leikskólastigsins og reglugerð um ábyrgð og skyldur og eflingu leikskólastigsins.

Starfshópur um fjölgun í leikskólakennaranámi. Samtökin skipuðu tvo fulltrúa til setu í starfshópi á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis um aðgerð til að fjölga einstaklingum sem sækja um leikskólakennaranám. Niðurstöðu er að vænta fljótlega úr vinnu starfshópsins.

Samstarf við Hagfræðistofnun HÍ. Á árinu var samið aftur við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um gerð skýrslu um opinberar greiðslur til leik- og grunnskóla sem sveitarfélög reka og þeirra sem reknir eru af einkaaðilum. Niðurstöður fyrri skýrslu sem kom út árið 2010 voru á þann veg að útgjöld sveitarfélaga vegna sjálfstætt rekinnar grunn- og leikskóla voru umtalsvert lægri en vegna hinna opinberu. Niðurstöðu úr vinnu Hagfræðistofnunar má vænta með vorinu.

Útboð á sérfræðipjónustu vegna vinnuverndar í skólum. Af hálfu SSSK var tekin sú ákvörðun að leita sameiginlega eftir tilboðum í þjónustu á vettvangi vinnuverndar. Um er að ræða tilboð í trúnaðarlæknaþjónustu annars vegar og aðra þjónustu hins vegar. Niðurstöður úr útboðinu munu væntanlega liggja fyrir í marsmánuði.

Kjaramál. Samtök sjálfstæðra skóla skipuðu samninganefnd á starfsárinu sem hefur það hlutverk að semja við þau stéttarfélög, sem starfsmenn sjálfstætt starfandi skóla tilheyra. Fyrstu viðræður eru hafnar og eru þær við Félag leikskólakennara. Samninganefndin er skipuð fimm fulltrúum en auk þess er forstöðumaður vinnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins samninganefndinni innan handar.

Upplýsingagjöf. Tekin var ákvörðun um að koma upplýsingum til félagsmanna á heimasíðu og með tölvupóstum á markhópalista í stað fréttabréfs eins og verið hefur

Aðalfundur SSSK var haldinn í lok apríl í Húsi atvinnulífsins. Fundurinn hófst með ávarpi Ragnars Þorsteinssonar þá fræðslustjóra Reykjavíkurborgar. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum var aðalfundargestum boðið upp á léttar veitingar og tónlist.

Samtökin stóðu fyrir vel sóttri ráðstefnu sem bar yfirskriftina **“Fögnum árangri allra!”** í Hörpunni. Um kvöldið var síðan haldin vegleg árshátíð á sama stað fyrir starfsfólk skólanna og maka þeirra.

Vefsíða samtakanna www.ssk.is er einnig uppfærð reglulega og eru fundargerðir birtar á síðunni á lokuðu vefsvæði sem er aðgengilegt félagsmönnum SSSK.

Flutningasvið

Flutningasvið SVP sameinar undir einum hatti þjónustufyrirtæki í flutningastarfsemi á landi, lofti og á sjó, það er landflutninga, kaupskipaútgerð og flugfragt. Samgöngukerfið, lagasetning í samgöngum og skilvirkni flutningakeðjunnar eru stærstu hagsmunamál þessara aðildarfyrirtækja.

Samstarf

Flutningasvið SVP hefur átt gott samstarf við innanríkisráðuneyti, Siglingastofnun, Vegagerð og Umferðastofu vegna þeirra mála sem snerta fyrirtæki innan flutningasviðsins. Vegagerðin boðar reglulega til fundar með flutningsaðilum og þá hefur embætti tollstjóra mætt flutningasviði með jákvæðni og vilja til verka. Það er von flutningasviðs að svo verði áfram en faglegt samstarf þar sem stjórnvöld leitast við að hlusta á sérþekkingu atvinnulífsins er mjög brýnt og þarft. Slíkt samstarf er beggja hagar.

Samstarfshópur um samgöngumál í Húsi atvinnulífsins

Samstarfshópur um samgöngumál var endurvakinn á starfsárinu. Kallað hefur verið til funda eftir mál-efnum hverju sinni s.s. vegna samgönguáætlunar til 4 og 12 ára auk frumvarpa til laga um Farsýsluna og Vegagerð.

Nefndir og ráð

SVP átti á starfsárinu fulltrúa í Siglingaráði, Siglingaverndarráði, Verkefnisstjórn um langtíma-

áætlun í öryggismálum sjófarenda, Starfsgreinaráði samgöngu-, farartækja og flutningagreina og Samstarfsvettvangi um samgöngumál á vegum innanríkisráðuneytisins. Ekki hefur verið vilji til að endurvekja Landflutningaráð af hálfu stjórnvalda vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á undirstofnunum innanríkisráðuneytisins og vísast þá til fyrirhugaðrar Vegagerðar og Farsýslu. Ráðuneytið hefur þó mætt óskum samtaka atvinnurekenda um aukið samstarf með reglulegum fundum þar sem helstu málefni hafa verið rædd.

Stefnumótun

Á vordögum kom út Hvítbók í samgöngumálum og var yfirskriftin **“Eitt evrópskt samgöngusvæði,”** og miðar stefnumörkun að því takmarki sé náð. Í Hvítbók hefur verið mótuð framtíðarstefna Evrópusambandsins í málaflokknum til ársins 2050 en stefnumótun Evrópusambandsins í þessum málaflokki á erindi héraðs þar sem niðurstöður hennar koma til með að birtast í formi tilskipana og reglugerða í gegnum EES samninginn. Einnig hafa samtökin verið að skoða svokallaðan 14. kafla/Samgöngumál, en þar vísar til ákveðins kafla í aðildarviðræðum um inngöngu í ESB. Kaflinn tekur á samgöngumálum og hefur hann verið skoðaður með hagsmunaaðilum svo sérstafa Íslands sé höfð til hliðsjónar við setningu laga og reglugerða komi til aðildar. Þessu til viðbótar hefur verið rýnt í samgönguáætlun til 4 og 12 ára, en sú fyrrnefnda er framkvæmdaáætlun stjórnvalda í samgöngumálflokknum.

Ýmis mál

Strandsiglingar. Á samgönguþingi kynnti innanríkisráðherra skipan starfshóps sem skyldi hafa það hlutverk að gera tillögur um hvernig standa mætti að því að koma strandsiglingum á að nýju. Starfshópnum var enn fremur ætlað að skoða mögulega flutninga, greiningu á skipakosti, áætluðum rekstrarkostnaði útgerða, viðkomuhöfnum, tíðni ferða, áætlun um sjálfbær flutningsverð og öðrum þeim atriðum er gætu skipt máli. SVP óskaði eftir því að fulltrúi frá þeim sæti í starfshópnum en því var hafnað. Óljóst er hversu mikil heildaráhrif strandflutningar hefðu á umferð flutningabíla um vegina þar sem dagvaran og ferskur fiskur krefst eftir sem áður flutnings landleiðina sem og að strandflutningar falla illa að nútíma birgðastjórnun og því óljóst hvort vænlegir kaupendur að þjónustunni séu fyrir hendi. Flutningasvið SVP skrifaði umsögn um niðurstöður starfshópsins og mótmælti meðal annars vinnubrögðum og skipan starfshóps.

Ákvæði um aksturs- og hvíldartíma. Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) samþykkti á árinu 2010 beiðni innanríkisráðuneytisins um tímabundnar undanþágur frá ákvæðum aksturs- og hvíldartímareglna ESB. Það þótti sögulegt að stofnunin samþykkti undanþágur og fagnaði flutningasvið SVP því að sérstafa Íslands væri viðurkennd í niðurstöðu ESA. Sá fögnuður var þó skammvinnur því sömu beiðni var hafnað þegar sótt var um endurnýjun árið 2011.

Stærð og þyngd ökutækja. Framlengt var ákvæði um um breytingu á reglugerð um stærð og þyngd ökutækja nr. 155/2007. Ákvæðið var til 1. janúar 2012 og heimilaði heildarhæð vagns og gáms 4,40 metra vegna flutnings á háþekjugámum. Framlenging var samþykkt til ársins 1. janúar 2014.

Hækkun á gjaldi fyrir ökuritakort. Um nýliðin áramót voru rafræn ökuritakort hækkuð um 102 %, úr kr. 8.700,- í kr. 17.650,-. Þessi hækkun gekk í gegn án þess að vera tilkynnt hagsmunaaðilum með einum eða öðrum hætti og var því mótmælt af samtökum atvinnurekenda. Um mitt ár 2010 var boðuð um 100% hækkun en vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum var fallið frá hækkuninni. Verið er að vinna í málinu.

Arðsemislíkan. Nemi við hagfræðiskor Háskóla Íslands hefur fengið aðstöðu hjá samtökunum og nýtur liðsinnis flutningasviðs og fyrirtækja sem eiga aðild að því auk annara fyrirtækja til að vinna

meistararitgerð sína. Ritgerðin er arðsemislíkan og lýtur að forgangs röðun fjárfestinga í samgöngum. **Skýrsla Alþjóðabankans.** Árlega kemur út skýrsla Alþjóðabankans sem ber yfirskriftina „**Doing Business in a More Transparent World**„. Í skýrslunni fyrir árið 2012 kemur Ísland illa út sem vænlegt land til inn- og útflutnings en það er mikið hagsmunamál fyrir íslenskt atvinnulíf að Ísland komi vel út úr svona könnunum. Verið er að greina af hverju Ísland kom svo illa út en allt bendir til að um skekkju sé að ræða.

„**Áratugur aðgerða**“. Stofnaður var starfshópur á vegum innanríkisráðuneytis og fleiri aðila í tengslum við alheimsátakið „**Áratugur aðgerða**“, en yfirlýst markmið þess átaks er að með samstilltum aðgerðum fækki umferðaslysum í heiminum. Ekki var kallað eftir fulltrúum frá SVP í ráðið og var því mótmælt og óskað eftir því að eiga fulltrúa í starfshópnum. Því var hafnað af ráðuneytinu.

Landssamband vörubifreiðaeigenda

Landsambandið tilheyrir flutningasviði SVP og telur um 100 félaga víðsvegar af landinu. SVP heldur almennt utan um starf sambandsins auk þess sem forstöðumaður flutningasviðs situr stjórnar- og framkvæmdaráðsfundi. Starf sambandsins var með öflugra móti á starfsárinu, til að mynda var haldinn aðalfundur og veglegt ársþing sem lauk með glæsilegum kvöldverði fyrir landsambandsfélaga og maka þeirra. Haldinn var upplýsingafundur um lánamál og gömlum skjölum og fundargerðum komið fyrir á Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.

Tollmiðlaraþópur

Innan SVP starfar fjöldi fyrirtækja sem hefur heimild til tollmiðlunar og er starfandi tollmiðlaraþópur innan samtakanna. Markmið hópsins er að gæta hagsmuna sinna fyrirtækja á sviði tollmiðlunar, efla samstarf sín á milli sem og samstarf við tollstjóraembættið. Margt hefur verið rætt á fundum tollmiðlaraþópsins, þar með talið aukin fræðsla og verið er að vinna í þeim málaflokki í samstarfi við tollstjóraembættið.

Fyrirspurnir á opinbera aðila. SVP sendi þrjár fyrirspurnir á opinbera aðila fyrir hönd tollmiðlaraþópsins. Fyrst er um að ræða fyrirspurn á fjármálaráðuneyti varðandi viðmiðunarfjárhæð hraðsendinga en tollmiðlaraþópurinn taldi þá upphæð ekki hafa tekið eðlilegum breytingum í samræmi við verðlag síðustu ár. Þá sendu samtökin tvö erindi á embætti tollstjóra, annars vegar varðandi viðskiptareikninga og framkvæmd uppboða og hins vegar varðandi gjaldtöku fyrir aðgang að upplýsingum úr tollalínu embættisins. Í báðum þessum erindum var óskað upplýsinga um framkvæmd og fyrirkomulag á starfssviði embættisins sem tollmiðlaraþópurinn telur verulega ábótavant.

Samtök ökuskóla

Fjórir stærstu ökuskólar landsins hafa gengið til liðs við SVP og hafa ennfremur myndað með sér samtök sem bera heitið Samtök ökuskóla (SÖ). Í þessum ökuskólum fer fram víðtæk fræðsla/kennsla er varðar allt öku- og vinnuvélanám í landinu. Nýstofnuðum samtökum fylgir fjöldi verkefna og verður aðeins stiklað á því helsta hér:

Stefnuskrá. SÖ er í mun að starf þeirra sé umfram allt faglegt og í því skyni rituðu samtökin stefnuskrá sem tekur meðal annars á gæði ökunáms, því að fagleg sjónarmið séu ráðandi í öllu starfi skólanna og að nám til atvinnuréttinda sé í samræmi við þarfir og óskir atvinnulífsins hverju sinni.

Kynningar á Samtökum ökuskóla. Lögð var áhersla á að kynna samtökin fyrir þeim aðilum sem hafa með ökunám að gera, svo sem Umferðastofu, Vinnueftirliti og innanríkisráðuneyti.

Vinnueftirlitið og kennsla frumnámskeiða. Samtökin vöktu athygli á og gerðu athugasemd við að Vinnueftirlitið heldur vinnuvélanámskeið í samkeppni við einkaaðila. Síðast liðið ár hefur ítrekað

komið upp sú umræða að afnema þennan einkarétt Vinnueftirlitsins og þá síðast í janúar 2008. Stjórn Vinnueftirlitsins er sama sinnis og var gerð samþykkt innan stjórnar Vinnueftirlitsins þar að lútandi og málið sent ráðuneytinu án árangurs. Samtökin hafa óskað eftir því að velferðaráðuneytið taki málið upp að nýju.

3

Fræðslumál

Fræðslumál skipa stóran sess innan SVP á öllum sviðum. Aðkoma samtakanna er meðal annars með þátttöku fulltrúa í ráðum sem hafa með fræðslu- og menntunarmál að gera og með aðkomu að námsbrautum innan skólakerfisins og þátttöku í upplýsinga- og fræðslufundum.

Starfsgreinaráð fyrir samgöngu-, farartækja- og flutningagreinar

Fulltrúar SVP í ráðinu hafa unnið vasklega við að efla vægi flutningagreinarinnar innan ráðsins. Nýverið fékkst samþykkt fjármagn til þarfagreiningar á námi í flutningagreinum með tilliti til einstakra verkþátta og kostnaðar. Vinna er hafin og hefur verklýsinga verið skilað til innanríkisráðuneytisins og verið haldinn vinnufundur ásamt hlutaðeigandi.

Starfsgreinaráð fyrir skrifstofu- og verslunargreinar

Starfsgreinaráðið var endurskipulagt um mitt ár og hefur í kjölfarið sett sig inn í fyrirliggjandi verkefni. M.a. sátu fulltrúar starfsgreinaráðsins fund ásamt mennta- og menningamálaráðuneyti, nemendum, hagsmunaaðilum og fleirum í tengslum við innleiðingu nýrra laga um menntun og stefnumótun um starfsmenntun til framtíðar. Helstu niðurstöður þess fundar voru m.a. að efla þurfi enn frekar kynningu á starfsgreinum, atvinnukostum, starfsframleiðum, starfsmenntanámi, námsleiðum, efnisinntaki og framhaldsnámi og nauðsynlegt sé að auka fjármagn til þessara verkefna.

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofugreina

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Fyrirtæki geta sótt um fræðslustyrk til sjóðsins sbr. reglur þar um og þau fyrirtæki sem eru með öflugt fræðslustarf geta sótt um lækkun á iðgjaldi. Á starfsárinu afgreiddi sjóðurinn 83 styrkumsóknir frá fyrirtækjum, þar af voru 72 umsóknir samþykktar en umsóknum hefur fjölgað mikið á milli ára. Ennfremur samþykkti sjóðurinn lækkun á iðgjaldi 10 fyrirtækja.

Fagráð verslunar- og þjónustugreina og Fræðslustjóri að láni

Fagráð verslunar- og þjónustugreina hefur það hlutverk að samræma og efla starfsmenntun fyrir þessar starfsgreinar. Einn starfsmaður er á vegum ráðsins og hefur hann aðsetur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Til viðbótar við fyrrgreind verkefni heldur hann utan um verkefnið „**Fræðslustjóri að láni**“ en það verkefni byggist á að lána út mannauðsráðgjafa, sérhæfðum í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Á árinu voru 11 fyrirtæki sem fengu fræðslustjóra að láni en fjöldi fyrirtækja sem nýtir sér þennan möguleika hefur aukist jafnt og þétt milli ára.

Flutningafræði - Opni háskólinn HR

Í ársbyrjun var útskrifað í annað sinn úr flutningafræði Opna háskólans í Háskólanum í Reykjavík. Alls voru útskrifaðir 16 nemendur. Námið er fjölbreytt og hentar þeim sem starfa á sviði vörustjórnunar, flutninga, innkaupa og dreifingar. Flutningasvið SVP veitti tveimur nemendum viðurkenningu fyrir bestan námsárangur en flutningasvið SVP átti stóran þátt í því að þetta nám varð að veruleika og er í góðu samstarfi við HR vegna námsins.

Verslunarstjóranám við Háskólann á Bifröst

Diplómanám í verslunarstjórnun er 3ja anna starfstengt fjarnám við Háskólann á Bifröst og SVP átti þátt í að móta. Námið hefur verið styttað talsvert, var áður fjórar annir en er nú þrjár annir. Að jafnaði eru 25 nemendur í náminu á ári hverju en alls hafa útskrifast um tvö hundruð nemendur.

Raunfærnimat - Verslunarfagnám

Á síðasta ári var í fyrsta sinn gerð tilraun með raunfærnimat í verslunarfagnámi. Þá tóku nærri þrjátíu manns þátt í tilraunaverkefni á þrem stöðum landinu; Reykjavík, Akureyri og Vestmannaeyjum. Þeir sem luku raunfærnimatinu fengu að jafnaði um 30 einingar metnar. Í framhaldinu var þátttakendum boðið að ljúka þeim áföngum sem upp á vantaði auk þess að vinna lokaverkefni og luku 9 þátttakenda náminu og útskrifuðust úr Verslunarfagnámi.

Reynslan af verkefninu var mjög góð og í byrjun árs 2012 var farið af stað með nýja hópa á þessum sömu stöðum. Þátttakendur þurfa að vera orðir 23 ára og með að minnsta kosti þriggja ára starfsreynslu í verslun. Svipaður fjöldi er skráður í raunfærnimatið í ár og í fyrra eða um þrjátíu manns. Raunfærnimatið er mislangt komið eftir stöðum, þannig er viðtölum lokið í Vestmannaeyjum en hjá Mími-símenntun er stefnt að því að ljúka þeim í byrjun apríl. Með tilkomu raunfærnimatsins er kominn fram raunhæf leið fyrir þá sem hafa reynslu og þekkingu á verslunarstörfum til að fá viðurkenningu á færni sinni og getu.

Farnám

SVP hefur tekið þátt í vinnu stýrihóps sem fékk styrk frá þróunarsjóði til að kynna sér og prufukeyra „farnám“ eða mobile learning. Tilraunahópur sem saman stendur af 12 bílstjórum frá Kynnisferðum hefur farið í gegnum farnámið og er verið að vinna að skýrslu um niðurstöður. Vonir standa til að hægt verði að taka þetta lengra og farnám geti orðið valkostur fyrir bílstjóra flutningabíla, starfsmenn vöruhúsa, farmenn og fleiri.

Upplýsinga- og fræðslufundir

Aðalfundur SVP 2011

Aðalfundur SVP var haldinn 17. mars á Grand Hótelu undir yfirskriftinni „**Atvinnulífið og krónan**“. Í upphafi fundar var kynnt nýtt merki samtakanna sem hannað var af Ennem auglýsingastofu. Að loknu ávarpi efnahags- og viðskiptaráðherra flutti Margrét Kristmannsdóttir formaður SVP skelegga ræðu þar sem stjórnvöld voru harðlega gagnrýnd. Aðrir framsögumenn voru Ásgeir Jónsson hagfræðingur og lektor HÍ og Kristín Pétursdóttir forstjóri Auðar Capital. Að loknum aðalfundarstörfum þáðu gestir fundarins léttar veitingar í boði stjórnar.

Fundir um kjarasamninga

Í aðdraganda kjarasamninga síðast liðið voru fulltrúar SVP í fulltrúaráði SA ásamt fleirum kallaðir saman til skrafs og ráðagerða og var náð samráð haft við helstu atvinnugreinar innan samtakanna á meðan á samningaferlinu stóð. Lögðu margir félagsmenn á sig mikla vinnu þegar kjarasamningalotan stóð sem hæst og var vinna þeirra gríðarlega mikilvæg fyrir samtökin. Var eftir því tekið hvað félagsmenn SVP tóku mikinn þátt í kjarasamningum og var mikilvægt að mótaðilar fengu milliliðalaust að heyra skoðanir atvinnurekenda sjálfra.

Að afloknum kjarasamningum var boðað til félagsfundar þar sem niðurstöður voru kynntar og farið yfir helstu atriði samningsins.

Morgunverðarfundur um skattamál

Í maí sl. var í samvinnu við Deloitte haldinn morgunverðarfundur í Turninum í Kópavogi um tengsl

skattheimtu og hagvaxtar. Framsögu höfðu Ragnar Árnason, prófessor, sem fjallaði um skattheimtu og hagvöxt og Vala Valtýsdóttir, sviðstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, sem fjallaði um þróun skatta og gjalda árin 2005-2011. Heiðrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Eimskipafélags Íslands sá um samantekt.

Morgunverðarfundur um samgöngumál

Boðað var til morgunverðarfundar um Hvítbók ESB, stefnuýfirlýsingu í samgöngumálum til ársins 2050 og Solas Polar Code, breytingar á kröfum skipa sem sigla um heimskautasvæðið. Í fyrra erindinu var greint frá Hvítbók ESB, stefnuýfirlýsingu Evrópusambandsins í samgöngumálum og sameiginlegri umsögn EFTA - ríkjanna. Seinna erindi fundarins var um Solas Polar Code, breytingar á kröfum til skipa sem sigla um heimskautasvæði.

Fundur með Kauphöllinni um gjaldeyrismál

Á haustmánuðum var fulltrúum frá SVP boðið á fund hjá Kauphöll Íslands til að ræða mögulegar úrbætur á gjaldeyrismarkaði. Til kynningar voru hugmyndir forsvarsmanna Kauphallarinnar um breytt fyrirkomulag á gjaldeyrismarkaði sem myndi leiða til meiri virkni og gagnsæi og draga úr kostnaði.

Morgunverðarfundur um áhrif tónlistar á kauphegðun

Í september var félagsmönnum boðið til morgunverðarfundar þar sem því var velt upp hvernig mætti auka ánægju viðskiptavina með notkun tónlistar á réttan hátt. Framsögu höfðu Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri Stefs sem kynnti niðurstöður kannana um kauphegðun og Daddi Guðbergsson frá Grapewire sem kynnti nýjar tæknilausnir og mikilvægi þess að velja rétta tónlist til að skapa gott andrúmsloft í verslunar- og þjónusturými.

Kynningarfundur fyrir mannauðs- og fræðslustjóra

Haldinn var kynningarfundur á Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofugreina og verkefninu „**Fræðslustjóri að láni**“. Á fundinn voru þeir boðaðir sem bera ábyrgð á fræðslu- og mannauðsmálum sinna fyrirtækja. Meðal þeirra sem tóku til máls var starfsmaður sjóðsins en hún kynnti markmið hans og réttindi fyrirtækja, en þeir sem hafa hug á að sækja um Fræðslustjóra að láni, sækja um það til sjóðsins.

Félagsfundur um lánamál

Félagsfundur um lánamál var haldinn fyrir Landssamband vörubifreiðaeigenda. Um 20 félagar í sambandinu mættu á fundinn og var mikil ánægja með þær framsögur sem fluttar voru og umræður sem fylgdu í kjölfarið.

Félagsfundur um stöðu atvinnulífsins

Í byrjun árs 2012 var félagsmönnum boðið í rökræður með Jóni Baldvini Hannibalssyni fyrrverandi utanríkisráðherra og Styrmi Gunnarssyni fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins um stöðu atvinnulífsins og þá sérstaklega verslunar- og þjónustufyrirtækja.

Fundur um öryggismál tengd þjófnaði í verslunum

Í febrúarmánuði var haldinn almennur félagsfundur hjá SVP þar sem lögreglan veitti mönnum innsýn í þjófnaðarbrot í verslunum og hversu gífurlega skipulögð þau eru. Sú innsýn sem var gefin var fróðleg en þó fyrst og fremst sláandi og sýndi umfang þess vanda sem við er að etja. Fundurinn sannfærði viðstadda einnig um að það er margt sem verslunin getur betur gert til að fræða starfsfólk sitt um þessi mál. Stefna samtökin að því að taka þau mál fyrir með markvissari hætti en verið hefur hingað til auk þess að vekja enn á ný athygli stjórnvalda á þeim gífurlega vanda sem skapast af skipulagðri glæpastarfsemi sem þessari.

Upplýsingafundur - Vinnandi vegur

Í febrúarmánuði 2012 hófst nýtt átak til atvinnusköpunar sem miðar að því að fjölga störfum og fækka atvinnulausum. Yfirskrift verkefnisins er **“Vinnandi vegur”** og þar er lögð sérstök áhersla á að koma langtímaatvinnulausum til vinnu og stendur fyrirtækjum til boða markverður fjárhagslegur stuðningur í því samhengi. SVP, Samtök iðnaðarins, Samtök ferðaþjónustu og Samtök fiskvinnslustöðva boðuðu til fundar fimmtudaginn 1. mars 2012 þar sem verkefnið var kynnt sérstaklega, aðdragandi verkefnisins og aðkoma atvinnulífs og hver aðkoma fyrirtækja gæti verið. Fundurinn var sérstaklega ætlaður þeim sem sinna starfsmannamálum.

Sértæk verkefni/áherslur

Markaðssetning vetrarferðamennsku – Ísland allt árið

SVP er einn þátttakenda í verkefninu **„Ísland allt árið”** sem hefur það að markmiði að stórefla ferðamannastraum til landsins yfir vetrartímann. Verkefninu var ýtt úr vör á haustmánuðum og mun standa yfir næstu þrjú árin. Á þeim tíma er ætlunin að fjölga erlendum ferðamönnum utan háannar um 12% á ári og að auka verslun erlendra ferðamanna þannig að endurgreiðsla af vsk til ferðamanna utan háannar fari úr 560 milljónum í 800 milljónir á tímabilinu. Gert ráð fyrir að 600 milljónum króna á ári verði varið í markaðssetningu og mun ríkið leggja til helming upphæðarinnar og atvinnulífið sömu upphæð á móti.

Íslandsstofa annast framkvæmd verkefnisins en alls taka rúmlega 100 fyrirtæki þátt, þar af á fjórða tug fyrirtækja frá SVP.

Verkefnið „Spilum saman”

Verkefninu „Spilum saman” var á ný ýtt úr vör í tengslum við aðalfund SVP 2011 og var tilgangur þess sem fyrr að vekja athygli á mikilvægi verslunar sem atvinnugreinar. Verkefnið heppnaðist mjög vel en mæling sem gerð var á árangri þess sýndi vel ásættanlegan árangur.

Í tengslum við „Spilum saman” var efnt til ráðstefnu í samvinnu við SA þar sem vakin var athygli á mikilvægi góðrar þjónustu. Á ráðstefnunni fjallaði André Wiringa frá ráðgjafarfyrirtækinu Performance Solutions um það hvernig má veita framúrskarandi þjónustu með því að beita „FISH” hugmyndafræðinni. Á ráðstefnunni voru jafnframt veitt þjónustuverðlaun SVP, en þau hlutu Icelandair og Ásbjörn Valur Sigurgeirsson bílastæðavörður.

„Allir vinna”

SVP hafði árið 2010 forgöngu um að koma verkefninu **„Allir vinna”** á lagginnar, en verkefnið felst í því að hvetja fólk til að nýta sér hið skattalega hagræði af því að fara í framkvæmdir við íbúðar- og sumarhúsnæði í eigu einstaklinga. Skattalega hagræðið felst í 100% endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna vinnu á byggingarstað og gildir það út árið 2012 a.m.k.

Að mati samtakanna er mikilvægt að halda áfram að kynna verkefnið fyrir almenningi, enda hefur það þegar sýnt sig að fólk hefur nýtt sér þetta hagræði í ríkum mæli, en endurgreiddar voru rúmlega 2,1 milljarðir króna bæði árin 2010 og 2011 til þeirra sem það gerðu. Nú hafa samtök í atvinnulífinu tryggt fjármuni til að standa straum af öflugri kynningarherferð fyrir verkefnið. Stjórnvöld munu leggja til jafn háa upphæð og því verður unnt að kynna verkefnið **„Allir vinna”** með öflugum hætti á næstu vikum.

Rannsóknarsetur verslunarinnar

Starfsemi Rannsóknarseturs verslunarinnar hefur verið í ágætis horfi, en tekjuginn setursins hefur verið styrktur frá því sem áður var. Enn vantar þó nokkuð upp á að framlag hins opinbera til þessarar starfsemi sé ásætlanlegt, sérstaklega þegar höfð eru í huga framlög hins opinbera til rannsóknarstarfsemi annarra atvinnugreina. Verður unnið að því á næstunni að tryggja varanlega aðkomu hins opinbera að þessari mikilvægu starfsemi.

Njarðarskjöldurinn og Freyjusómi

Í byrjun árs var Njarðarskjöldurinn afhentur þeirri verslun sem þykir skara fram úr hvað varðar þjónustu við ferðamenn. Njarðarskjöldurinn, sem nú var veittur í sextánda sinn, er samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og SVP, sem nú tóku þátt í fyrsta sinn, Félags atvinnurekenda, Kaupmannasamtaka Íslands, Global Blue á Íslandi og Tax Free World Wide. Markmið verðlaunanna er að hvetja til bættrar og aukinnar verslunarþjónustu við ferðamenn í Reykjavík. Verslunin Aurum í Bankastræti hlaut Njarðarskjöldinn að þessu sinni.

Freyjusómi er viðurkenning sem nú var afhent í fyrsta sinn samhliða afhendingu Njarðarskjaldarins. Viðurkenningin var veitt til þeirrar verslunar sem þykir koma með ferskan andblæ í verslunarrekstur á ferðamannamarkaði í borginni. Það var verslunin Nostalgía sem hlaut viðurkenninguna þetta árið.

Vinnandi vegur

Samtök atvinnulífsins fyrir hönd sinna aðildarfélaganna, skrifuðu undir yfirlýsingu aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa stjórnvalda um átak gegn atvinnuleysi á síðast liðnu ári. Undanfarna mánuði hafa SVP ásamt öðrum aðildarsamtökum innan SA undirbúið þátttöku í áttatíu sem fengið hefur yfirskriftina „**Vinnandi vegur**“. Átakið felur í sér tillögur um öflugar aðgerðir sem eiga að tryggja allt að 1.500 atvinnuleitendum starfstengd úrræði og verður sérstök áhersla lögð á hvata og úrræði fyrir langtímaatvinnulausa. Átakið er til þriggja ára og var hrundið af stað með sérstakri atvinnumessu þann 8. mars 2012. Til messunnar voru boðaðir allir langtímaatvinnuleitendur á höfuðborgarsvæðinu, samtals um 6.000 einstaklingar. Þá voru kynnt ný störf innan átaksins en stefnt er að því að hafa allt að 1.000 störf í boði fyrir þennan hóp bæði á almennum markaði og á vegum sveitarfélaga. Þátttaka í messunni var opin fyrirtækjum sem vildu bjóða störf inn í verkefnið og nota tækifærið til að kynna starfsemi sína. SVP, ásamt öðrum samtökum í Húsi atvinnulífsins, tók ríkan þátt í undirbúningi og var með kynningu á messunni.

Umsagnir

Eftirtalin frumvörp, þingsályktunartillögur og reglugerðir bárust samtökunum til umsagnar á starfsárinu:

Frumvörp

Frumvarp til laga um hafnir

Frumvarp til efnalaga

Frumvarp til laga um ársreikninga (góðir stjórnunarhættir)

Frumvarp til laga um br. á grunnskólalögum (tímabundin skerðing kennslutíma)

Frumvarp til laga um br. á innheimtulögum (vörslufjárreikningar, starfsábyrgðatr. ofl.)

Frumvarp til laga um br. á lögum Sjúkratryggingar Íslands (greiðsluþátttaka í lyfjum)

Frumvarp til laga um br. á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög (einföldun samruna- og skiptingarreglna)

Frumvarp til laga um breytingar á áfengislögum, (skýrara bann við auglýsingum)

Frumvarp til laga um Farsýsluna, stjórnsýslustofnun samgöngumála

Frumvarp til laga um fjársýsluskatt

Frumvarp til laga um fjögurra ára samgönguáætlun 2011 - 2014

Frumvarp til laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og tollalögum (úthlutun tollkvóta)
Frumvarp til laga um gjaldeyrismál og tollalög (reglur um gjaldeyrishöft)
Frumvarp til laga um grunnskóla (bættur réttur nemenda ofl.)
Frumvarp til laga um heildarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands (br. ýmissa laga)
Frumvarp til laga um hlutafélög og einkahlutafélög
Frumvarp til laga um höfuðlénið .is og önnur íslensk höfuðlén, 268. mál
Frumvarp til laga um matvæli (takmörkun á gildissviði laganna, reglugerðarheimild, EES-reglur)
Frumvarp til laga um matvæli (tímabundið starfsleyfi)
Frumvarp til laga um neytendalán (smálán)
Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (breyting ýmissa laga)
Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (kjarasamningar)
Frumvarp til laga um sjúkratryggingar og lyfjalög - Breytt greiðsluþátttaka
Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands (heildarlög)
Frumvarp til laga um varnir gegn mengun hafs og strandar
Frumvarp til laga um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála
Frumvarp til laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (löggæslukostnaður)
Frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak (heildarlög)
Frumvarp til laga um vörumerki (ívilnandi úrræði)
Frumvarp til laga um þjóðskrá (gjaldtaka)
Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti (br. ýmissa laga)
Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti (heildarlög EES reglur)

Þingsályktunartillögur

Tillaga til þingsályktun um styttingu þjóðvegarins milli höfuðborgarsvæðisins og Norðausturlands
Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um tóbaksvarnir
Tillaga til þingsályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi
Tillaga til þingsályktunar um hitaeiningamerkingar á skyndibita
Tillaga til þingsályktunar um Íslandssögukennslu í framhaldsskólum (aukið vægi í námsskrám)
Tillaga til þingsályktunar um reglur um skilaskyldu á ferskum matvörum
Tillaga til þingsályktunar um samaburðarrannsókn á túlkun EES-reglna
Tillaga til þingsályktunar um stöðugleika í efnahagsmálum
Tillaga til þingsályktunar um undirbúning að hönnun og stækkun þorlákshafnar
Tillaga til þingsályktunar um Vefmyndasafn Íslands
Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameginlegu EES - nefndarinnar nr. 32/2010

Reglugerðir og fleira

Drög að nýrri byggingareglugerð
Drög að nýrri reglugerð um merkingu fóðurs
Drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi
Drög að reglugerð um gjöld fyrir þjónustu faggildingarsviðs Einkaleyfastofunnar
Drög að reglugerð um raf- og rafeindatækjaúrgang (framleiðendaábyrgð)
Drög að reglugerð um rafhlöður og rafgeyma - tilskipun 2006/66/EB
Drög að skipulagsreglugerð

Tilskipun Evrópuþingsins 2010/30/EU - merkingar og upplýsingaskylda varðandi orkunotkun vöru
Markaðsrannsóknir Samkeppniseftirlitsins - íhlutun í samkeppnishindranir - umsagnarbeiðni
Athugasemd við leiðbeinandi tilmæli FME

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

Ársreikningur 2011

Borgartúni 35
105 Reykjavík

Kt. 570599-2249

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í SVP-Samtökum verslunar og þjónustu

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SVP-Samtaka verslunar og þjónustu fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík 2. febrúar 2012



Árni Snæbjörnsson

löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Borgartúni 30

105 Reykjavík

Skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samtökin eru málsvari atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem vinnur að almennum, sameiginlegum hagsmunamálum aðildarfyrirtækja.


Samkvæmt rekstrarreikningi samtakanna var hagnaður ársins 2011 eftir reiknaða skatta kr. 5.326.029. Hrein eign samtakanna í árslok nam kr. 36.515.942. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.


Stjórn SVP-Samtaka verslunar og þjónustu og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík 2. febrúar 2012


Margrét Kristmannsdóttir


Finnur Arnason


Guðmundur Halldór Jónsson



Guðrún Jóhannesdóttir


Heiðrún Jónsdóttir


Hermann Guðmundsson


Sigríður Margrét Oddsdóttir

Framkvæmdastjóri:


Andrés Magnússon

Rekstrarreikningur 2011

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

Rekstrartekjur	Skýr.	2011	2010
Tekjur af aðalstarfsemi	2	78.413.217	73.697.156
		<u>78.413.217</u>	<u>73.697.156</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	43.261.121	43.481.518
Annar rekstrarkostnaður		26.713.138	17.902.918
Afskriftir	2,4	2.190.292	2.121.625
		<u>72.164.551</u>	<u>63.506.061</u>
Rekstrarhagnaður		6.248.666	10.191.095
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.873.296	2.542.178
Vaxtagjöld		(2.795.933)	(3.843.406)
		<u>(922.637)</u>	<u>(1.301.228)</u>
Hagnaður ársins	5	<u>5.326.029</u>	<u>8.889.867</u>

Efnahagsreikningur

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

Eignir

	Skýr.	2011	2010
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	37.090.675	39.280.967
Fastafjármunir samtals		<u>37.090.675</u>	<u>39.280.967</u>
Veltufjármunir			
Kröfur vegna félagsgjalda SVP		1.453.585	3.128.823
Aðrar skammtímakröfur		337.604	461.090
Fyrirframgreiddur kostnaður		620.470	0
Verðbréfaeign		19.236.714	20.500.267
Handbært fé	2	38.364.180	34.613.682
Veltufjármunir samtals		<u>60.012.553</u>	<u>58.703.862</u>

31. desember 2011

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2011	2010
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	5	36.515.942	31.189.913
Eigið fé samtals		<u>36.515.942</u>	<u>31.189.913</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir	6	47.547.406	50.399.890
Langtímaskuldir samtals		<u>47.547.406</u>	<u>50.399.890</u>
Skammtímaskuldir			
Ógreiddar innheimtur		2.904.353	9.941.589
Næsta árs afborganir af langtímalánum	6	3.657.493	0
Aðrar skammtímaskuldir		6.478.034	6.453.437
Skammtímaskuldir samtals		<u>13.039.880</u>	<u>16.395.026</u>
Skuldir samtals		<u>60.587.286</u>	<u>66.794.916</u>

Sjóðstreymi 2011

Allar upphæðir eru í íslenskum krónum

Handbært fé frá rekstri	2011	2010
Hagnaður ársins	5.326.029	8.889.867
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2.190.292	2.121.625
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld nettó	922.637	1.301.228
Hreint veltufé frá rekstri án vaxta	8.438.958	12.312.720
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Lækkun (hækkun) á rekstrartengdum kröfum	1.178.254	(1.432.050)
Hækkun (lækkun) á rekstrartengdum skuldum	(7.012.639)	2.370.436
Handbært fé frá rekstri án vaxta	2.604.573	13.251.106
Innborgaðar vaxtatekjur	1.707.889	2.169.673
Greidd vaxtagjöld	(14.364)	(3.443.516)
Handbært fé frá rekstri	4.298.098	11.977.263
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	0	(5.150.000)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	1.263.553	(20.127.762)
Fjárfestingarhreyfingar	1.263.553	(25.277.762)
Fjármögnunarhreyfingar		
Skammtímalán, breyting	0	(2.206.436)
Ný langtímalán	0	50.000.000
Afborganir langtímalána	(1.811.153)	(50.377.378)
Fjármögnunarhreyfingar	(1.811.153)	(2.583.814)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	3.750.498	(15.884.313)
Handbært fé í ársbyrjun	34.613.682	50.497.995
Handbært fé í árslok	38.364.180	34.613.682

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

SVP-Samtök verslunar og þjónustu eru samtök og er megin starfsemi þeirra fólgin í félagastarfsemi. Lögheimili samtakanna er að Borgartúni 35,105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, nema hvað varðar fjárfestingareignir, afleiður og fjármálagerninga sem ætlunin er að selja aftur og metið er til gangvirðis. Stjórnendur samtakanna hafa metið rekstrarhæfi þeirra og telja að samtökin hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Verðtryggðar skuldir

Áfallnar verðbætur á höfuðstól skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar skuldir eru færðar miðað við vísitölu neysluverðs sem tók gildi 1. janúar 2012.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili samtökunum framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Skýringar

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til samtakanna og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld

	2011	2010
Laun	35.426.678	36.398.501
Launatengd gjöld	7.110.980	7.192.236
Reiknað áunnið orlof	723.463	(109.219)
Laun og launatengd gjöld alls	<u>43.261.121</u>	<u>43.481.518</u>

Að meðaltali störfuðu um fjórir starfsmenn hjá félaginu á árinu m.v. heilsársstörf og er það óbreyttur fjöldi frá fyrra ári.

Reiknað áunnið orlof í árslok nemur kr. 2.756.529,-

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Húsbúnaður	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1/1	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Afskrifað alls 1/1	(10.848.600)	(1.143.988)	(755.333)	(12.747.921)
Afskrifað á árinu	(1.222.632)	(143.660)	(824.000)	(2.190.292)
Bókfært verð 31/12	<u>33.211.430</u>	<u>308.578</u>	<u>3.570.667</u>	<u>37.090.675</u>
Stofnverð alls 31/12 ...	45.282.662	1.596.226	5.150.000	52.028.888
Afskrifað alls 31/12	<u>(12.071.232)</u>	<u>(1.287.648)</u>	<u>(1.579.333)</u>	<u>(14.938.213)</u>
Bókfært verð 31/12	<u>33.211.430</u>	<u>308.578</u>	<u>3.570.667</u>	<u>37.090.675</u>
Afskriftarhlutföll	3%	10%	20%	

Fasteignir samtakanna eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

	Fasteigna- mat	Vátrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignin að Borgartúni 35, 225-8840 ...	31.865.000	51.400.000	33.211.430
Lóð	1.665.000		
	<u>33.530.000</u>	<u>51.400.000</u>	<u>33.211.430</u>

Skýringar

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1/1	31.189.913
Hagnaður ársins	5.326.029
Eigið fé 31/12	<u>36.515.942</u>

6. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum og verðtryggingu:

Verðtryggð lán, nvt.	51.204.899
Næsta árs afborganir	<u>(3.657.493)</u>
Langtímaskuldir samtals skv. efnahagsreikningi	<u>47.547.406</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2012	3.657.493
Afborganir 2013	3.657.493
Afborganir 2014	3.657.493
Afborganir 2015	3.657.493
Afborganir 2016	3.657.493
Afborganir síðar	<u>32.917.434</u>
	<u>51.204.899</u>

Lánið er vaxtalaust til 1. október 2013.

7. Veðsetningar

Félagið hefur sett eignir að veði til tryggingar skuldbindingum sínum. Veðsetningar sundurliðast á eftirfarandi hátt eftir eignum. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

Eign	Upphæð veðs	Bókfært verð eignar
Borgartún 35, Reykjavík	<u>51.204.899</u>	<u>33.211.430</u>
Samtals	<u>51.204.899</u>	<u>33.211.430</u>



SVP

Samtök
verslunar og
þjónustu

SVP • Borgartúni 35 • 105 Reykjavík
Sími 511 3000 • svth@svth.is • www.svth.is